

Félags- og faggreinafundir voru haldnir í nóvember

Fjallað var um launamál og kjaraskrið og farið yfir mikilvægi símenntunar



Á félagsfundinum fór Stefán Úlfarsson hagfræðingur ASI yfir stöðu kjaramála og launaskrið. Upplýsingarnar eru á heimasíðu FIT í formi glæra.

Gylfi Einarsson sagði frá samvinnu fræðslu og mennta-félaga á Hallveigarstíg 1 Reykjavík sem er nú með sameiginlega símsvörun og ýmsa þjónustu og nefnist Fræðslusetur. Verið er að vinna að sameiginlegri heimasíðu.

Nýtt símanúmer er 5906430.

Á faggreinafundum FIT urðu líflegar umræður um námskrár, sveinspróf og meistaraskóla. Rætt var um mikilvægi þess að faggreinarnar sjálfar mótuðu námið og símenntunina sem verður æ mikilvægari.

Þá var rætt um styttri iðnnámsbrautir og framtíð iðnnáms og hvað væri í boði í endurmenntun.

Breytingar eru að verða í Garðyrkjuskólanum og mikilvægt að FIT verði fullur þátttakandi í mótun náms og framtíðarstefnu.

Þjónustuskrifstofur FIT

Félagið er með þrjár þjónustuskrifstofur.

Reykjavík: Borgartúni 30,

opið frá kl. 8-16 s: 535 6000.

Selfossi: Austurvegi 56, s: 480 5000.

Akranesi: Kirkjubraut 40, s: 431 2380

JÓLABALL



Jólaball iðnfélaganna verður haldið í AKOGES salnum Sóltúni 3 þriðjudaginn 28. desember kl. 16:00.

Verð fyrir fullorðna er kr. 1000,- og frítt fyrir börnin.

LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS TEKUR TIL STARFA 1. JANÚAR 2005

1. janúar 2005 tekur Landbúnaðarháskóli Íslands til starfa en skólinn verður til með sameiningu Garðyrkjakólans ríkisins á Reykjum í Ölfusi, Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins (RALA) á Keldnaholti og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri. Ágúst Sigurðsson verður rektor skólans til næstu fimm ára, en hann starfaði áður sem hrossaræktarráðunautur Bændasamtaka Íslands.

Nýi skólinn verður með starfsaðstöðu á sex stöðum, þ.e. Reykjum, RALA, Hvanneyri, Möðruvöllum, Hesti og Stóra Ármóti. Starfsmenn skólans verða um 140 og nemendur um 300. Skólanum verður skipt upp í fjórar deildir og hafa yfirmenn þeirra verið ráðnir. Guðríður Helgadóttir fagstjóri garðplöntubrautar Garðyrkjakólans verður yfir Starfs- og endurmenntunardeild, Áslaug Helgadóttir hjá RALA verður deildarforseti (Auðlindadeild) og jafnframt aðstoðarrektor rannsóknamála, Björn Þorsteinsson á Hvanneyri verður aðstoðarrektor kennslumála, Ólafur Arnalds á RALA verður deildarforseti (Umhverfiseild) og Þorvaldur T. Jónsson verður rekstrarstjóri (tímabundið) nýju stofnunarinnar.



Ágúst Sigurðsson, rektor Landbúnaðarháskóla Íslands.

Öllum starfsmönnum stofnananna var sagt upp en boðin ný störf hjá skólanum. Þá eiga nemendur skólanna, þ.e. á Reykjum og Hvanneyri rétt á að ljúka námi sínu samkvæmt gildandi námsskipulagi skólanna. Nemendur geta þó lokið prófum samkvæmt nýju skipulagi ef þeir kjósa svo. Æðsta stjórnun skólans er háskólaráð sem skipað er 9 einstaklingum. Markmið Landbúnaðarháskóla Íslands er m.a. að veita fræðslu, hagnýta starfsmenntun, endurmenntun og háskólamenntun studda rannsóknum fyrir samkeppnishæfan og fjölþættan landbúnað sem byggist



Guðríður Helgadóttir, nýr staðarhaldari á Reykjum og yfirmaður Starfs- og endurmenntunardeildar Landbúnaðarháskólans.

á sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda landsins. Einnig að afla og miðla þekkingu um fjölþætt hlutverk landbúnaðarins sem byggist á íslenskri náttúru og menningararfleifð. Ekki er gert ráð fyrir mikilli breytingu eða uppstokkunum á þeim stofnunum eða starfsstöðum sem mynda Landbúnaðarháskóla Íslands til að byrja með. Starfsemin verður með óbreyttu sniði til að byrja með enda ætla stjórnendur skólans að gefa sér góðan tíma til að skoða sóknarfæri stofnunarinnar og þá hluti sem hægt er að samræma betur íslenskum landbúnaði til heilla.

Magnús Hlynur Hreiðarsson, endurmenntunarstjóri Garðyrkjakólans

Staða samningamála

Viðræður milli Reykjavíkurborgar og samninganefndar Samiðnar standa enn yfir. Einnig eru í gangi viðræður við Alcan á Íslandi, Norðurál, Sementsverksmiðjuna og Íslenska járnblend-ið. Í Alcan er samningagerðin langt komin, haldnir hafa verið rúmlega 20 fundir og hugsanlegt að hægt verði að ljúka henni fyrir áramót. Búist er við að aðrir fylgi fljótlega í kjölfarið. Hjá Járnblendifélaginu hafa verið haldnir 15 fundir, svipað hjá Norðuráli en einungis 2 hjá Sementsverksmiðjunni. Ekki er búist við að samningagerð við þessa aðila ljúki fyrir áramót.



Fréttabréf

Félag iðn- og tæknigreina
Borgartúni 30 - Sími 535 6000
Ábyrgðarmaður
Hilmar Harðarson.
3. tbl. 2. árg. desember 2004
Hönnun og prentun:
Stafræna prentsmiðjan -
www.smidjan.is

Fræðslusetur iðnaðains

HVERS VIRÐI ER SAMVINNA UM SÍMENNTUN?

Á undanförunum 20 árum hefur myndast símenntunarmarkaður hér á landi sem einkennist nú orðið af gífurlegu framboði námskeiða af öllu tagi. Þetta er framboðsmarkaður, framboðið er meira en eftirspurnin. Slíkt er útaf fyrir sig ekki óeðlilegt, en vandinn við miklar framboðssprengingar af þessu tagi er oft sá að neytendavitund fylgir ekki jafn hratt í kjölfarið og æskilegt væri. Því verðum við vör við að boðin eru alls konar „rusl-námskeið“ á uppsprengdu verði.

Á Hallveigarstíg 1 eru fjórar fræðslumiðstöðvar sem þjóna lög-giltum iðngreinum, Fræðslumiðstöð málmiðnaðarins, Menntafélag byggingariðnaðarins, Prent-tæknistofnun og Fræðsluráð hótél- og matvælagreina. Þessar fræðslumiðstöðvar sinna hver um sig endurmenntun í sínum iðngreinum en gegna jafnframt veigamiklu hlutverki varðandi starfsnám á framhaldsskólastigi, s.s. vinnustaðanám, sveinspróf, námskrárgerð og fleira.

Fræðslumiðstöðvarnar á Hallveigarstíg hafa nú ákveðið að bindast sterkari böndum en áður og hafa stofnað sameignarfélag, Fræðslusetur iðnaðarins, sem mun halda utan um það sem sameiginlegt má teljast í starfsemi þeirra. Þannig sinnir FI sameiginlegri þjónustu eins og símsvörun, tölvu-

kerfum, gagnabönkum og starfi er lýtur að námssamningum, sveinsprófum, vinnustaðanámi, nema-leyfisnefndum og fleiri framhaldsskólamálaum.

Þegar lengra lætur munu fræðslumiðstöðvarnar efla samstarf sitt um námsframboð sem sameiginlegt er öllum iðngreinum. Þetta á við um stjórnunar- og rekstrarnámskeið, tölvunámskeið, námskeið fyrir almenna starfsmenn og fleira.

Fyrst og fremst gengur þetta samstarf þó út á bæta þjónustuna við viðskiptavinum fræðslumiðstöðvanna. Innan þessara fyrirtækja er mikil þekking og reynsla og hana ber að nýta í þágu allra þeirra iðngreina sem undir fræðslumiðstöðvarnar heyra. Menntun og símenntun er ekki einkamál fárra heldur samfélagslegt málefni. Við byggjum upp öflugt atvinnulíf með þekkingu fyrst og fremst. Þekking er hins vegar dýr og það verður að segjast að þekkingaruppbygging og viðhald þekkingar er ekki alltaf efst í forgangs röðinni í atvinnulífinu. Þessu þarf að breyta. Og liður í þeirri breytingu er að sjá til þess að þekkingarmiðlunin sé í sem allra bestu horfi. Það er hlutverk fræðslumiðstöðvanna og því hyggjast þær einbeita sér að.



Birkilundur 2 og 3, Húsafelli

Orlofshúsin Húsafelli

Með inngöngu Sveinafélags málmiðnaðarmanna á Akranesi bættust 3 orlofshús og ein íbúð á Akureyri við í orlofshúsaflórana hjá FIT. Íbúðin á Akureyri hefur verið leigð námsfólki á veturna en félagsmönnum á sumrin og er svo einnig í vetur.

Orlofshúsin 3 eru öll í Húsafelli og eru vel búin. Stærsta húsið er í Kiðárbotnum 1 og er 58m² með 3 svefnherbergjum, stofu og ágætlega búnum eldhúskrók þar sem m.a. er eldavél með ofni og einnig er uppþvottavél. Stór pallur með heitum potti er við húsið og er miðað við að 6 manns dvelji þar.

Einnig eru hús við Birkilundur 2 og 3 sem félagið á en þau eru minni eða 38m². Sameiginleg aðkeyrsla er að húsunum sem eru nánast eins að gerð og búnaði. Í hvoru húsi eru 2 svefnherbergi og geta 5 manns sofið þar en einnig er svefnloft þar sem eru 3 dýnur og er því búnaður miðaður við 8 manns. Stofa/eldhús er í einu rými en ekki eru uppþvottavélar í þessum húsum. Stór pallur með heitum potti er við hvort hús og einnig eru sameiginlegar rólur og sandkassi á lóðinni.

Fyrir áramótin verða settir upp lykklakassar á húsin til að auðvelda aðgengi. Hægt er að fræðast nánar um svæðið á vefsíðunni www.husafell.is og skoða götukort.

Félagsmenn eru hvattir til að skoða þessa og aðra valkosti sem boðið er uppá undir linknum "laus orlofshús" á heimasíðu félagsins, www.fit.rl.is

Meistaraskóli byggingariðnaðarins

Til stendur að endurskoða námskrá meistaraskóla byggingarmanna. Við endurskoðunina verður tekið mið af breyttri námsskrá í byggingargreinum og skólinn færður að nútímanlegu rekstrar- og stjórnunarstörfum. Endurskoðunin tekur eitt til tvö ár að fæðast og fara í gegnum kerfið.

Málarar

Undirbúningsnámskeið í oðrun. Til stendur að halda undirbúningsnámskeið í oðrun/marmara og viðarlíkingu eftir áramót. Framhaldsnámskeið sem Menntafélagið bauð uppá um oðrun/marmara og viðarlíkingar með sænskum leiðbeinanda nú í haust þurfti að fella niður vegna þátttökuleysis, lágmarks þátttaka er 12 manns. Reynt verður að koma námskeiðinu á eftir áramót.

Sýnishorn könnunar af vefsíðu félagsins

Tölvupóstur : _____ Félagsnúmer : _____

Kyn :

☐ Karlmaður : ☐ Kvennmaður :

Ert þú faglærður ?

☐ Já ☐ Nei

Hversu ánægð(ur) ertu í núverandi starfi ?

☐ Mjög ánægður ☐ Ánægður ☐ Sæmilega ☐ Óánægður ☐ Mjög óánægður

Hversu góð eða léleg eru aðbúnaðarmál á þínum vinnustað, hreinlæti og vinnuaðstaða ?

☐ Mjög góð ☐ Góð ☐ Sæmileg ☐ Léleg ☐ Mjög léleg

Hvert er tímakaup þitt í dagvinnu ? : _____

Annað ? (ef föst mánaðarlaun): _____

Hve oft færð þú útborgað á mánuði ?

☐ Vikulega ☐ Hálfsmánaðarlega ☐ Mánaðarlega

Er orlof innifalið í launum þínum ?

☐ Já ☐ Nei

Hversu sátt(ur) eða ósátt(ur) ertu með launin þín ?

☐ Mjög ósátt(ur) ☐ Sátt(ur) ☐ Sæmilega sátt(ur) ☐ Ósátt(ur) ☐ Mjög ósátt(ur)

FIT opnar könnun á heimasíðu félagsins

Í janúar mun FIT opna könnun á heimasíðu félagsins, www.fit.rl.is. Þar verða félagsmenn beðnir að svara ýmsum spurningum. Ætlunin er að gera kannanir reglulega og fá þannig góða mynd af launum félagsmanna og afstöðu þeirra til ýmissa atriða. Könnunin fer þannig fram að félagsmaður merkir í reitina eða skrifar umbeðnar upplýsingar. Í sumum tilfellum koma upp afleiddar spurningar þar sem beðið er um

ítarlegri upplýsingar.

Stjórn FIT hyggst nota þessar upplýsingar til að bæta þjónustuna við félagsmenn og fá sem gleggstar upplýsingar um launakjör þeirra svo hægt sé að bera saman mismunandi hópa.

Nánar verður fjallað um könnunina í næsta blaði FIT sem fyrirhugað er að komi út í byrjun janúar.

Félags- og fagreina- fundur í myndum



Fjöldmenn var á fundinum.



Ungir sem aldnir hlustuðu á af áhuga.



Gylfi Einarsson messaði yfir fundarmönnum.



Er verið að taka mynd af okkur?



Svo þurfti að næra sig.



Skeggrætt yfir kaffinu.

Dísillinn kemur!

Í hugum margra er dísilbíllinn hávær, illa lyktandi og vélarvana vinnubíll eða jeppi.

Dísilvélin er yfir 100 ára gömul tækni og hefur í raun breyst afar lítið. Nýjar áherslu gera kröfur til minni eldsneytiseyðslu bifreiða og almennt minni mengunar frá þeim samanber staðlana ERO 4 2005 og ERO 5 2008 sem hafa þvingað bílaframleiðendur til að leita nýrra leiða við vélaframleiðslu þar sem draga þarf verulega úr mengun.

Kostir dísilvélarinnar eru fölgirnir í því að hún er mun sparneytnari en bensínvélin og því heppileg til að minnka eldsneytiseyðslu en ókostirnir eru fölgirnir í mikilli sótmengun, NOX mengun, hávaða og litlum afköstum.

Lögd hefur verið mikil vinna í þróun dísilvélarinnar undanfarin ár til þess að leysa þessi vandamál og hefur áherslan aðalega verið á breytta eldsneytisstjórnun, hönnun brunahólfs, fyllingu brunahólfs með forþjöppu og meðhöndlun útblásturs.

Þessi vinna hefur leitt af sér byltingu í notkun dísilvéla í fólksbílum en sala þeirra mun líklega fara úr 12,5 milljónum eintaka á þessu ári í 27 milljónir eintaka árið 2015. (Sjá Automotive engineering international, janúar 2004). Einnig má gera ráð fyrir að sala dísilbíla á Íslandi muni stórauðast vegna þessarar þróunar og ekki síst þar sem reglum um þungaskatt verður breytt árið 2005 en það gerir skattlagningu bensín- og dísilbíla jafna. Þróun dísilvéla hefur leitt til þess að vélrænum olíuverkum hefur verið skipt út fyrir háþróaða tækni, tölvustýrða innsprautun þar sem eldsneytisdeiling er óháð innsprautun eldsneytis og hægt er að stjórna þrýstingi (allt að 1600 bar), tíma og magni eldsneytisins afar nákvæmlega. Aðferðin byggir á því að úða eldsneytinu undir miklum þrýstingi inn í brunahólfið og mynda þannig örsmáa dropa sem blandast auðveldlega loftinu sem þar er. Einnig er innsprautunin í



Tölvustýrð samrásarinnspautun

tveimur þrepum, forinnsprautun og aðalinnspautun en hvortveggja leiðir til jafnari og betri bruna eldsneytisins og dregur verulega úr sót og NOX mengun auk þess að auka aflið verulega.

Eldsneytiskerfunum svipar mjög til kerfa bensínbíla og er fjöldi upplýsinga aflað af margskonar skynjurum er berast stjórn tölvu með rafboðum sem sér um úrvinnslu. Í framhaldi af úrvinnslu stýrir stjórn tölvu virkni ýmissa hreyfiliða.

En hvað áhrif þefur þessi þróun á störf bifvélavirkja? Ljóst er að dísilbílum mun fjölga mikið og ekki er lengur þörf á „sérhæfðu verkstæði“ fyrir viðgerðir á þeim og mun vinna við dísilbíla á almennum verkstæðum aukast mikið. Þessi vinna gerir kröfur um góða þekkingu á vinnuferli dísilvéla, þekkingu á virkni stjórn búaðar, nákvæm vinnubrögð þar sem farið er eftir vinnuferlum framleiðenda í hvívetna, góðri tungumálakunnáttu, þekkingu í rafmagns- og rafeindafræði og færni í bilanagreiningu með fullkomnum mælitækjum.

Til aðstoðar bifvélavirkjum við að auka þekkingu sína og færa til nútímans reka bílgreinarnar Fræðslumiðstöð bílgreina h.f. sem býður

upp á margvísleg námskeið í rafmagns- og rafeindafræðum, ýmsar nýjungar og bilanagreiningu.

Nýlega hóf FMB að bjóða styttri námskeið þar sem námskeiðin fara fram á vinnustað þátttakenda (á gólfinu) og 2 - 3 starfsmenn taka þátt í fjögurra tíma hnitmiðuðu námskeiði. Námsfnið er af ýmsum toga og er framkvæmdin að verulegu leyti verklegar æfingar þar sem tæki og búnaður viðkomandi verkstæðis eru notuð.

ÚT Í BLÁINN

Út í bláinn eru skemmtilegar óvissuferðir sem FIT býður félagsmönnum sínum upp á. Lagt er af stað frá Borgartúni 30 klukkan 13.00 og stefnt er að heimkomu um klukkan 16.00. Ferðirnar eru mislangar, stundum er fengin rúta en einnig er farið í gönguferðir um borgina undir leiðsögn fróðra manna. Í fyrra voru ferðirnar mjög vel sóttar og er von okkar að svo verði einnig í ár.

Fyrsta ferð ársins verður farin sunnudaginn 30 janúar 2005 og er mæting, eins og áður segir, í Borgartúni 30 klukkan 13.00.

ÞURFUM VIÐ ÖLL ÞESSI NÁMSKEIÐ

Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins ehf er ein af fjórum fræðslumiðstöðvum á Hallveigarstíg 1 sem þjóna löggiltum iðngreinum. Hinar eru Menntafélag byggingaríðnaðarins, Prenttæknistofnun og Fræðsluráð hótél- og matvælagreina. Þessar fræðslumiðstöðvar sinna hver um sig endurmenntun í sínum iðngreinum en gegna jafnframt veigamiklu hlutverki varðandi starfsnám á framhaldsskólastigi, s.s. varðandi vinnustaðanám, sveinspróf, námskrágerð og fleira.

Nú er almenn sátt um að endurmenntun og símenntun fólks á vinnumarkaði sé eitt af öflugustu tækjunum til að byggja upp fyrirtæki og viðhalda styrk þeirra og samkeppnishæfni. Fræðslumiðstöð málmíðnaðarins leitast við að miðla þekkingu út á vinnumarkaðinn á þann hátt að helstu sérfræðingar á hverju sviði eru fengnir til að meta þörf tiltekinna iðngreina fyrir þekkingu og ráðleggja síðan um námskeið. Síðan er leitað til manna sem hæfastir eru taldir til að semja námsefni, skipuleggja námskeið og halda þau á faglegan og frambærilegan hátt. Vandinn er sá að þróunarvinna af þessu tagi er bæði dýr og tímafrek. Raunar höfum við í seinni tíð farið þá leið að búa til flokka af námskeiðum á tilteknum fagsviðum - sem er enn dýrara og tímafrekara. Þetta er gert í þeirri vissu að í þessum efnum megi ekki fyrir nokkurn mun kasta til höndum. Ef okkar sérfræðingar telja að 30 kennslustundir þurfi til að fara yfir alla helstu þætti á tilteknu fagsviði þá fá þeir 30 kennslustundir. Fagþekking verður ekki til við skyndikynni heldur með því að allir leggi sig fram, nemendur, kennarar og við hjá fræðslumiðstöðinni.

Námsframboð FM skiptist á fjögur svið: 1) fagsvið 2) námskeið fyrir almenna starfsmenn 3) tölvusvið 4) stjórnunar- rekstrarsvið.

Á fagsviði hefur megináhersla verið lögð á málmstöðu undanfarin ár. Nú er verið að taka upp svokallað European Welding Federation kerfi



Gylfi Einarsson, framkvæmdastjóri
Fræðslumiðstöðvar málmíðnaðarins

(EWF) bæði á námskeiðum í málmstöðu og innan framhaldsskólans. Áhersla er lögð á að menn geti öðlast hæfnisvottun að námi /námskeiðum loknum og hljóti jafnframt alþjóðlegt EWF-málmstöðuskírteini. Þess utan er nú boðið upp á þjálfun starfsmanna í fyrirtækjum og mun starfsmaður FM koma í fyrirtæki sem þess óska og þjálfar starfsmenn á staðnum.

Fyrir tveimur árum var tekin sú ákvörðun að leysa þann brýna vanda sem þekkingarskortur á loftræstikerfum skapar meðal fólks sem vinnur undir slíkum kerfum. Talið er að hátt í 100.000 manns starfi undir loftræstikerfum á vetrardegi - og eru þá skólarnir taldir með. Nú hafa verið þróuð 11 námskeið á þessu sviði og eru þau hátt í 200 kennslustundir.

Í ársbyrjun 2004 var ráðist í mikið verkefni varðandi vökvatækni og nú eru í smíðum sex námskeið á því sviði sem öll verða í boði árið 2005. Næstu stórverkefni sem lúta að námskeiðaflokkum af þessu tagi verða annars vegar á sviði kælitækni og hins vegar á sviði loftstýritækni. Þess ber einnig að geta að undanfarin misseri hefur FM haft samvinnu við Iðnskólann í Hafnarfirði um rennismiðan námskeið og kennslu á CNC-stýrðar vélar. Á þeim síðar-

nefndu gefst mönnum kostur á að læra að forrita allar tegundir tölvustýrðra véla - ekki einungis rennibekk og fræsara.

Námskeið fyrir almenna starfsmenn (svokallaður „Kjarni“) er flokkur níu námskeiða sem er að mestu tilbúin. Þetta er grunnnámskeið í teikningu, efnisfræði, vinnslutækni, suðu og fleiri atriðum sem áhugavert er fyrir almenna starfsmenn málm- og véltæknifyrirtækja að kynnst.

Á tölvusviði bjóðum við bæði grunnnámskeið á tölvur (Netið, ritvinnslu, töflureikni o.fl.) en jafnframt námskeið í tölvuteikningu (AutoCad, Inventor).

Á stjórnunar- og rekstrarsviði hafa nokkur námskeið verið boðin á hverri önn. Nú er mest áhersla lögð á verkefnastjórnun með MS-Project-forritinu, en þetta er útbreiddasta forritið á þessu sviði nú um mundir. FM býður 40 - 50 námskeið á hverri önn. Vandinn er jafnan sá að námskeið eru bundin við tíma sem aldrei hentar öllum. Auk þess fara ekki alltaf saman skoðanir starfsmanna og stjórnenda á því hvort og hvernig beri að auka og viðhalda þekkingu innan fyrirtækisins. Þess vegna mun FM leitast við í auknum mæli að sérsníða námskeið að þörfum viðskiptavina. Forsvarsmenn fyrirtækja og starfsmenn þurfa þá að koma sér saman um hvers konar þekkingarmiðlunar er þörf og koma óskum þar að lútandi til okkar. Síðan er námskeið - eða önnur þekkingarmiðlun skipulögð í samráði við fyrirtækið.

FM gefur út fréttabréfið „Málmfræ“ í upphafi hverrar annar í 5.500 eintökum og er því dreift í öll fyrirtæki og til allra málmíðnaðarmanna sem við höfum í skrá okkar. Auk þess höldum við úti heimasíðu, www.metal.is þar sem gerð er grein fyrir öllum námskeiðum. Við gefum líka út möppu með ítarlegum námskeiðsupplýsingum sem panta má í tölvupósti á metal@metal.is eða í síma 590 6410.

Fræðslusetrið

Þær breytingar sem kynntar voru í síðasta blaði vegna sameiginlegrar þjónustu menntafélaganna Hallveigarstig 1 Reykjavík hafa tekið lengri tíma að þroskast en ætlað var, en vonandi fer þjónustan að komast í þann farveg að verða eins og til stóð með breytingunum. Sameiginleg símsvörun er nú "fræðslusetrið" sem veitir frum upplýsingar og/eða gefur samband á fræðslufulltrúana eða framkvæmdastjóra menntafélaganna. Síminn er 590-6400. Verið er að gera sameiginlega heimasíðu.

Ný sveinspróf bygginga-greina

Fyrirkomulag og framkvæmd sveinsprófa í bygginga-greinum verður endurskoðað og samræmt milli iðngreina í samræmi við nýjar námskrár sem verið er að kenna eftir. Í nýrri námskrá er gert ráð fyrir að sveinsprófið verði tekið á síðustu önn í skóla og verði hluti af náminu undir eftirliti kennara / prófnefndamanna. Samkvæmt því mun núverandi fyrirkomulag sveinsprófa leggja af og sveinsprófið verður ekki aðskilið frá skólanum " ekki sjálfstætt próf eins og það er í dag". Þrátt fyrir þetta er ekki gert ráð fyrir að sveinsprófsnefndir verði lagðar niður, heldur mun hlutverk þeirra breytast. Stefnt er að vinnslu tillagna um ný sveinspróf hefjist í byrjun næsta árs.

Námskeiðsgjöld í bygginga-greinum

Námskeiðsgjöld verða óbreytt fyrir félagsmenn sem greiða símenntagjald til menntafélagsins kr. 5000,- en hækka fyrir utanfélagsmenn í kr. 20.000,-. Ferðastyrkur og tölvunámskeið verða með sama hætti og í ár.

Atvinnumál í bygginga-greinum

Mikil atvinna er í byggingargreinum og langur vinnutími. Flæði erlends vinnuafls inn á vinnumarkaðinn er mikið. Eftirlit með menntun og þekkingu er farið úr böndunum. Verktakar sem ekki eru með réttindi (hafa leppi sem gera sér ekki grein fyrir ábyrgð uppáskrifta) eru með fólk í vinnu sem þekkir ekki íslenskar aðstæður og eru í raun hættulegir okkur og byggingar verða óvandaðar. Dæmi eru um að byggingafultrúar og byggingastjórar sem þekkja aðstæður og reglur hafa þurft að stöðva framkvæmdir og jafnvel rífa. Kaupendur svona húsnæðis eru berskjaldaðir og lenda í vandræðum því sömu fyrirtæki eru oft í kennitöluflakki og erfitt að ná bótum frá þeim. Leppirnir eiga að hafa tryggingar en þær duga ekki alltaf og þeim er alls ekki fylgt nægjanlega vel eftir. Það þarf að hækka tryggingar, gera baktryggjandanum grein fyrir raunverulegum verðmætum og herða eftirlit með því. Það ætti að vera krafa að fagmenn með þekkingu og reynslu á íslenskum aðstæðum standi fyrir verkunum. Fit ásamt fleiri félögum og meistara-samtökum hafa ráðið starfsmann til að reyna að kortleggja vandann þannig að hægt sé að bregðast við á viðeigandi hátt. Þá stendur Fit í málaferlum vegna réttindamála, mála um kaup, kjör, vinnuaðstæður og aðbúnað þessara annars ágæta fólks sem sækir okkur heim en fá rangar upplýsingar um Ísland.

Stjórn og starfsfólk FIT óskar félags- mönnum gleðilegra jóna og farsældar á nýju ári.



Bridge

Eins og undanfarin ár er spilað bridge annan hvern fimmtudag í Borgartúni 30. Spilið hefst kl. 19:30 stundvíslega. Næst verður spilað miðvikudaginn 5. janúar (ath. breytt dagsetn. vegna þrettándans á fimmtudeginum). Síðan verður spilað annan hvern fimmtudag þaðan í frá. Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofunni í síma 535-6000.

Desemberuppbót og hækkanir um áramót

Desemberuppbótin í ár er kr. 38.500,- og kr. 24.300,- fyrir iðnnema.

Starfsmenn sem hafa verið í fullu starfi allt árið hjá sama fyrirtæki og eru við störf hjá fyrirtækinu í síðustu viku nóvember eða fyrstu vikuna í desember skulu eigi síðar en 15. desember fá greidda desemberuppbót. Starfsmenn í hlutastarfi sem uppfylla sömu skilyrði skulu fá greitt hlutfallslega. Uppgjörstímabilið er almanaksárið, en fullt ársstarf telst í þessu sambandi 45 unnar vikur, eða meira, fyrir utan orlof. Starfsmenn með skemmri starfstíma skulu fá greitt hlutfallslega miðað við starfstíma sinn.

Launahækkun:

Öll laun og kjaratengdir liðir hækka um 3% þann 1. janúar n.k.

Hækkun mótframlags í lífeyrissjóð.

Mótframlag launagreiðenda í lífeyrissjóði hækkar í 7% þann 1. janúar n.k., jafnframt því sem 1% mótframlag í séreignasjóð óháð framlagi launamanns fellur niður.